

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 37/2002**

**frá 19. apríl 2002**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2001 frá 19. júní 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf<sup>(2)</sup> fellir í eina heild ýmsar gerðir sem eru hluti af IX. viðauka við samninginn.
- 3) Fella ber tilskipun 2001/34/EB inn í samninginn.
- 4) Tilskipun 2001/34/EB fellir úr gildi allmargar gerðir sem eru hluti af samningnum, þar með taldar gerðir með EES-aðlögunarliðum.
- 5) EES-aðlögunarliðunum við gerðirnar, sem tilskipun 2001/34/EB fellir úr gildi, skal viðhaldið, svo fremi þeir hafa ekki að geyma bráðabirgðaákvæði sem þjóna ekki lengur neinum tilgangi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við samninginn:

1. Í stað texta 24. liðar (tilskipun ráðsins 79/279/EBE) komi eftirfarandi:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

„**32001 L 0034**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf (Stjtið. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1).“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði 41. gr. tilskipunarinnar gilda ekki.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu dagsetningarnar sem um getur í 90. gr. tilskipunarinnar vera sem hér segir:

Ísland: 1. janúar 1994,

Liechtenstein: 1. janúar 1997,

Noregur: 1. janúar 1994.“

- 2. Texti 25. liðar (tilskipun ráðsins 80/390/EBE), 26. liðar (tilskipun ráðsins 82/121/EB) og 27. liðar (tilskipun ráðsins 88/627/EBE) falli niður.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/34/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.